

Akstur á vélsleða innan þéttbýlis í Fjarðabyggð er bannaður nema með sérstakri heimild lögreglustjóra.

Bannað er að leggja stórum vinnuvélum, vörubifreiðum, sendibifreiðum og fólksflutningabifreiðum sem eru 3,5 tonn eða þyngri inni í íbúðarhverfum. Eigendum og umráðamönnum þessara ökutækja ber að nota sérstaklega merkt svæði, sem ætluð eru þessum stóru tækjum eða fara að öðru leyti eftir fyrirmælum lögreglunnar um geymslu þeirra.

Með bifreiðastæðum fyrir flutninga- og hópferðabíla er átt við skammtímalagningu en ekki geymslusvæði fyrir stóra bíla.

Ákvörðun þessi tekur þegar gildi.

Með auglýsingu þessari eru numin úr gildi þau ákvæði eldri auglýsinga um umferð í Neskaupstað, á Eskifirði og Reyðarfirði, sem brjóta í bága við auglýsingu þessa.

Lögreglustjórinn á Eskifirði, 20. febrúar 2002.

Inger L. Jónsdóttir.

17. janúar 2002

Nr. 217

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu og -eyðingu í Stykkishólmi.

1. gr.

Bæjarstjórn Stykkishólms er heimilt að leggja á sérstakt sorphirðugjald, (hreinsunar-, flutnings- og sorpeyðingargjald), sbr. 9. grein samþykktar um sorphirðu í Stykkishólmi nr. 135/2002.

2. gr.

Bæjarstjórn hefur ákveðið að innheimta gjald vegna sorphirðu mánaðarlega samkvæmt flokkun eða vigt. Gjaldið er árlega sem hér greinir:

a) Íbúðir, íbúðarhúsnæði kr. 14.000 á íbúð.

b) Fyrirtæki, stofnanir, félög og aðrir sambærilegir lögaðilar, sem njóta sorphirðu eins og heimili, 240 l tunna á kr. 14.000.

Gjald sbr. a- og b-lið má innheimta með fasteignagjöldum samkvæmt ákvörðun bæjarstjórnar.

3. gr.

Bæjarstjórn er heimilt að setja sérstaka gjaldskrá fyrir leigu á kerjum og gámum.

4. gr.

Innheimt er fyrir urðun á rækjuskel og öðrum stoðgrindum hryggleysinga sem svarar áætluðum urðunarkostnaði á hverjum tíma.

Bæjarstjórn innheimtir gjald fyrir móttekið sorp á gámastöð:

Fyrir brotamálm greiðast kr. 7.500 fyrir tonnið, ekki mega vera neinar olfur, eldsneyti né kælivökvi á vélum.

Fyrir dekk greiðast kr. 4.500 fyrir hvern m³, fyrir skorin dekk greiðist kr. 2.000 m³.

Fyrir flokkað timbur greiðast kr. 5.000 fyrir m³.

Fyrir flokkaðan pappír greiðast kr. 7.500 fyrir m³.
Fyrir blandað pressanlegt sorp greiðast kr. 8.000 fyrir m³.
Fyrir blandað ópressanlegt sorp greiðast kr. 11.000 fyrir m³.

Fyrir grófan úrgang (steypu- og múrbrot, gler, jarðveg o.fl.) greiðast kr. 2.000 á rúmmetra. Innheimta samkvæmt 3. og 4. gr. er með sérstökum reikningi, eindagi 30 dögum eftir útskrift reiknings. Virðisaukaskattur er innifalinn í verðinu.

5. gr.

Íbúar geta afhent allt að tveimur rúmmetrum af forflokkuðu heimilissorpi í einu án þess að greiða sérstaklega fyrir það. Atvinnurekstur skal ávallt greiða fyrir móttöku og flokkun á úrgangi á gámastöð.

Tekið verður gjald fyrir spilliefni samkvæmt útlögðum kostnaði, að frádregnu skilagjaldi.

6. gr.

Húseigendum og fyrirtækjum sem njóta sorphirðu eins og heimili er í upphafi afhent 240 l sorphlát án endurgjalds. Endurnýjun sorphláta er á kostnað húseigenda og fyrirtækja.

7. gr.

Fyrirtæki og stofnanir sem gera samning beint við sorphirðuverktaka og valda ekki kostnaði fyrir bæjarsjóð eru undanþegin álagningu sorphirðu- og sorpeyðingargjalda.

Skilyrði þess er að enginn kostnaður falli á bæjarsjóð.

8. gr.

Gjaldskrá þessi sem er samin og samþykkt af bæjarstjórn Stykkishólmsbæjar, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Um leið fellur úr gildi eldri gjaldskrá nr. 157/1998.

Pannig samþykkt í bæjarstjórn Stykkishólms.

Stykkishólmi, 17. janúar 2002.

Óli Jón Gunnarsson bæjarstjóri.

REGLUGERÐ

um hlutdeild sjúkratryggðra í kostnaði vegna heilbrigðisþjónustu.

1. gr.

Fagleg samskipti heilsugæslulækna, heimilislækna og sérfræðinga.

Í samræmi við markmið um að tryggja fagleg samskipti milli heilsugæslulækna, heimilislækna og sérfræðinga er gert ráð fyrir því sem meginreglu í reglugerð þessari að samskipti sjúklings og læknis hefjist hjá heilsugæslu- eða heimilislækni.

Sjúklingur sem kemur til sérfræðings fyrir milligöngu heilsugæslu- eða heimilislæknis